

KONUR ERU LÍKA
Í SJÁVARÚTVEGI



Hvatningarverðlaun Sjávarútvegsráðstefnunnar og TM 2022



Hvatningarverðlaun Sjávarútvegsráðstefnunnar og TM

- Hvatningarverðlaunin eru nú veitt í þriðja sinn.
- Markmið Hvatningarverðlauna.
 - Hvetja ung fyrirtæki og frumkvöðla til dáða.
 - Stuðla að nýbreytni.
 - Vekja athygli almennings á gildi nýsköpunar og þróunar í sjávarútvegi.
- Verðlaunin eru í formi viðurkenningarskjals og verðlaunagripsins Sviföldunnar.



- Höfundur Jónas Bragi Jónasson

Hvatningarverðlaun Sjávarútvegsráðstefnunnar og TM



- Við mat á tilnefningum var tekið tillit til sjálfbærni, frumleika og áhrifa á virðisaukningu. Einnig var litið til áhrifa á ímynd íslensks sjávarútvegs og samstarfs.
- Að þessu sinni fékk sjálfbærnin aukna áherslu umfram aðra þætti í mati dómnefndar.
- Dómnefnd er skipuð aðilum frá sjávarútvegsfyrirtæki, tæknifyrirtæki, markaðsfyrirtæki, nýsköpunarfyrirtæki, rannsóknarstofnun og þjónustuaðila við sjávarútveginn.

Dómnefnd:

Jónas R. Viðarsson, Erla Ósk Pétursdóttir,
Freyr Friðfinnsson, Ína Björg Össurardóttir,
Tinna Gilbertsdóttir og Björk Viðarsdóttir.

KONUR ERU LÍKA
Í SJÁVARÚTVEGI



**Eftirfarandi fyrirtæki sem voru tilnefnd til
Hvatningarverðlauna Sjávarútvegsráðstefnunnar
og TM 2022 fá sérstaka viðurkenningu.**



Kerecis

- **Kerecis** er tilnefnt fyrir þróun og framleiðslu á
- lækningavörum úr íslensku fiskroði.
- Leiðandi líftæknifyrirtæki og frumkvöðull í notkun á roði og fitusýrum á alþjóðlegum sístækkandi markaði fyrir lækningavörur.
- Lækningavörur Kerecis úr íslensku þorskroði hafa bætt líf og líðan sjúklinga um allan heim og er hliðarafurð íslensks sjávarútvegs.
- Fyrirtækið hóf rekstur árið 2013 og er nú að komast upp á næsta stig. Er það fyrirtæki sem vex hraðast í heiminum á sviði meðferðar á vefjaskaða.
- Ræturnar liggja í vísindum og sjálfbærni þar sem umhverfissjónarmið eru stór þáttur.
- Kerecis er gott dæmi um nýsköpunarfyrirtæki sem hefur með miklum dugnaði skapað sér sess á alþjóðamarkaði og er því hvatning og fyrirmynd fyrir ung sprotafyrirtæki sem eru að stíga sín fyrstu skref.



Tengiliðir: Klara Sveinsdóttir og Guðmundur Óskarsson

Sidewind


- **Sidewind** er *tilnefnt* fyrir vindtúrbínur sem ætlað er að virkja vindorku og draga úr olíunotkun í gámaflutningaiðnaðinum.
- Vinnur að þróun umhverfisvænna lausna fyrir flutningaskip.
- Fyrirtækið stefnir að framleiðslu vindtúrbína sem komið er fyrir í opnum gámum. Vindmyllugámarnir geta nýtt þann hliðarvind, sem annars færi til spillis á hafi úti, til rafmagnsframleiðslu.
- Þessi aðferð getur minnkað mengun frá flutningaskipum töluvert, en Sidewind telur að aðferðin geti framleitt 5-20% af þeirri orku sem skipið þarf hverju sinni.
- Tíu metra löng frumgerð í 40" gám hefur nú þegar verið gerð og prófanir á henni fara að hefjast.
- Ungt sprotafyrirtæki með spennandi verkefni sem er að taka á sig mynd sem gæti orðið mjög áhugaverð.



Tengiliðir: Óskar Svavarsson og María Kristín Þrastardóttir

Brim

- **Brim** er tilnefnt fyrir starf sitt í innleiðingu á sjálfbærni viðmiðum í rekstri og mótun nýrra leiða til að fullvinna afurðir og hliðarstrauma.
- Brim hefur verið leiðandi í innleiðingu á sjálfbærni viðmiðum inn í sinn rekstur og er sífellt að leita nýrra leiða til að fullvinna afurðir og hliðarstrauma.
- Orkunotkun og orkuskipti hafa verið félaginu hugleikin og fyrirtækið hefur hannað sitt eigið umhverfiskerfi sem kortleggur heildar kolefnisspor félagsins.
- Brim hefur undanfarin ár gefið út samfélagsskýrslu sem greinir frá hvaða áhrif fyrirtækið hefur á samfélagið og umhverfið.
- Brim var fyrsta fyrirtækið á Íslandi sem gaf út „græn og blá“ skuldabréf og að líkindum fyrsta sjávarútvegsfyrirtækið í heiminum.
- Þessar áherslur hjá Brim í umhverfismálum geta orðið öðrum fyrirtækjum, bæði smærri og stærri, góð hvatning.



Tengiliðir: Guðmundur Kristjánsson, Ingólfur Steingrímsson og Anna Guðrún Sigurvinsdóttir

KONUR ERU LÍKA
Í SJÁVARÚTVEGI



Hvatningarverðlaun Sjávarútvegsráðstefnunnar og TM 2022



Sidewind hlýtur Hvatningarverðlaunin 2022

Fyrir vindtúrbínur sem ætlað er að
virkja vindorku og draga úr olíunotkun
í gámaflutningaiðnaðinum.



Tengiliðir: Óskar Svavarsson og María Kristín Þrastardóttir